

# Fundargerð

*Bogfimisamband Íslands BFSÍ*

Dagsetning: **03.02.2021 Kl. 21:10**

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Ásdís Lilja Hafþórsdóttir, Guðmundur Örn Guðjónsson. Haraldur Gústafsson sat fundinn með fjarfundabúnaði.**

Fundargerð ritaði: **Ásdís Lilja Hafþórsdóttir**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

## **1. Staða verkefna af fyrri fundum.**

- 1.1. Breyting á reglugerð og afhending verðlauna fyrir bogaflokka ársins 2020 er lokið.
- 1.2. Frestun Íslandsmóta lokið.

## **2. Lagt fyrir stjórn til samþykktar fyrir Bogfimiþing 2021:.**

- 2.1. Skýrsla stjórnar
  - 2.1.1. Innihald samþykkt einróma. Rætt um möguleikann á að bæta við meiri tölfræði.
- 2.2. Ársreikningar
  - 2.2.1. Farið yfir allar fjárhagsupplýsingar fyrir ársreikningar. Loka drög verða samþykkt síðar.
- 2.3. Fjárhagsáætlun
  - 2.3.1. Bráðabirgða fjárhagsáætlun, bíður upplýsingar úr ársreikningum.
- 2.4. Heildarstefna
  - 2.4.1. Samþykkt til kynningar á Bogfimiþingi.
- 2.5. Afreksstefna
  - 2.5.1. Samþykkt með fyrirvara um yfirferð ÍSÍ.
- 2.6. Aðgerðaráætlun kynnt

## **3. Umræða um bogfimiþing 2021**

- 3.1. Rætt um fjarfundarform, skoðunarmenn frá ÍSÍ, kjörbréfanefnd, varamenn og þing forseta. Stofnfundargerð vantar enn auk þess að vita hverjir skoðunarmenn reikninga eru.
- 3.2. Allir stjórnarmenn gefa kost á sér til áframhaldandi setu.
- 3.3. Mögulegar lagabreytingar ræddar.

## **4. Almenn umræða og önnur mál**

- 4.1. Grímur merktar BFSÍ komnar í sölu.
- 4.2. Persónuverndarstefna rædd.

Fundi slitið kl. **23:01**